



RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARMIÐSTÖÐ
HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Ársskýrsla Sprotasjóðs

úthlutunarárið 2012-2013

Efnisyfirlit

Hlutverk Sprotasjóðs	1
Stjórn Sprotasjóðs á úthlutunarárinu 2012-2013	1
Umsýsluaðili.....	2
Starfsemi Sprotasjóðs á úthlutunarárinu 2012-2013	2
Úthlutun Sprotasjóðs 2012-2013	3
Verkefni sem hlutu styrk úr Sprotasjóði 2012-2013	4
Samningar við styrkþega	6
Samantekt yfir úthlutunartímabil Sprotasjóðs	7
Rekstaryfirlit Sprotasjóðs í árslok 2012	8

Hlutverk Sprotasjóðs

Sprotasjóður var stofnaður samkvæmt [15. gr. laga nr. 90/2008](#) um leikskóla, [34. gr. Laga nr. 91/2008](#) um grunnskóla og [53. gr. laga nr. 92/2008](#) um framhaldsskóla. Hlutverk sjóðsins er að styðja við þróun og nýjungar í skólastarfi í leik- grunn- og framhaldsskólum í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalnámskrá viðkomandi skólastiga. Sjá nánar um hlutverk sjóðsins í reglugerð hans [Nr. 242/2009](#).

Stjórn Sprotasjóðs á úthlutunarárinu 2012-2013

Vinna við úthlutunarárið hófst í fyrstu vikunni í janúar að þessu sinni en ákveðið hefur verið að á næsta ári hefjist vinna við úthlutunarárið fyrr en verið hefur svo hægt sé að tilkynna skólum um styrkveitingar fyrr en verið hefur ár hvert en miðað er við apríl. Í því fellst ákveðið hagræði fyrir skólana en þeir geta þar af leiðandi tekið mið af þeim verkefnum sem fá styrk við skipulag komandi skólaárs.

Mennta- og menningamálaráðherra skipaði við stofnun sjóðsins stjórn hans til fjögurra ára. Breytingar hafa hins vegar orðið á setu manna í stjórn en á síðasta ári, 2011, sagði Elna Katrín Jónsdóttir, fulltrú Kennarasambandsins, sagði sig frá stjórnarsetu í sjóðnum. Í hennar stað situr nú í stjórninni Björg Bjarnadóttir, tilnefnd af KÍ. Finnur Friðriksson, tók sér leyfi frá stjórnarsetu í sjóðnum vegna flutninga erlendis en Anna Kristín Sigurðardóttir sat á síðasta ári í stjórn í hans leyfi en gert er ráð fyrir að Finnur komi aftur inn í stjórn fyrir komandi úthlutunartímabil 2013-2014. Rósa Gunnarsdóttir, starfsmaður mennta- og menningarmálaráðuneytisins lét af störfum hjá ráðuneytinu, Guðni Olgeirsson, starfsmaður ráðuneytisins, tók við af henni til bráðabrigða en á haustdögum 2012 tók Björk Óttarsdóttir við sem fulltrúi ráðuneytisins.

Stjórn Sprotasjóð 2013-2014 er skipuð þannig:

Sigurjón Mýrdal, formaður, án tilnefningar

Björk Óttarsdóttir án tilnefningar

Björg Bjarnadóttir, tilnefnd af Kennarasambandi Íslands

Svandís Ingimundardóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Finnur Friðriksson, tilnefndur af Samstarfsnefnd háskólastigsins.

Umsýsluaðili

Þann 1. júlí 2009, gerði mennta- og menningarmálaráðuneytið samning við RHA- Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri um umsýslu og umsjón Sprotasjóðs til 3ja ára, byggðan á tilboði sem RHA setti fram 14. apríl 2009.

Samningur við umsýsluaðila var endurnýjaður til næstu 3ja ára, á síðasta ári og er samningurinn byggður á tilboði sem RHA gerði í árslok 2011. Samningurinn er með svipuðu sniði og áður en hefur þó verið útvíkkaður að því leiti að umsýsluaðili sér nú alfarið um rafrænt umsóknarferli sjóðsins en það var áður í höndum Stjórnarráðsins. Stofnaður hefur verið nýr umsóknarvefur sjóðsins www.sprotasjodur.is og er sá vefur hýstur af Stefnu-hugbúnaðarhúsi. Um mitt ár 2012 fór Sigrún Vésteinsdóttir umsýsluaðili sjóðsins í fæðingarorlof og mun Gunnhildur Helgadóttir, skrifstofustjóri RHA, leysa hana af þar til haustið 2013.

Starfsemi Sprotasjóðs á úthlutunarárinu 2012-2013

Stjórn sjóðsins lagði til, í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðherra, að áherslusvið sjóðsins fyrir úthlutunarárið 2012-2013 yrðu eftirfarandi:

- Þróun skólanámskrár með hliðsjón af nýrri menntastefnu
- Virkt lýðræði, mannréttindi og samskipti í skólum

Auglýsing um styrkumsóknir var send út af ráðuneytinu helgina 14.-15. janúar til birtingar í dagblöðum. Auglýsingin var einnig sett inn á vef ráðuneytisins og umsýsluaðila www.rha.is. Einnig voru sendar út tilkynningar til allra leik-, grunn- og framhaldsskóla og vakin athygli á sjóðnum. Umsækjendum var gert að sækja um á rafrænu formi á umsóknavef Sprotasjóðs og var umsóknartímabilið frá 1.-29. febrúar 2012.

Samhliða vinnu við uppsetningu á nýjum umsóknarvef fór stjórn sjóðsins yfir uppsetningu og innihald umsóknarformsins sjálfs og var það endurskoðað og einfaldað með það í huga að gera það aðgengilegra fyrir umsækjendur.

Úthlutun Sprotasjóðs 2012-2013

Samtals bárust 189 umsóknir til Sprotasjóðs að þessu sinni og hafa umsóknir aldrei verið fleiri. Heildarupphæð umsókna var tæplega 400 millj. kr. Stjórn sjóðsins fór yfir umsóknir og gerði tillögur til menntamálaráðherra og ráðherra ákvað að tillögu stjórnar að veita styrki til 46 verkefna að upphæð: 43.050.000 kr. Í töflu 1 má sjá hvernig styrkirnir dreifðust milli skólastiga og landshluta.

Tafla 1. Dreifing styrkja milli skólastiga og landshluta úthlutunarárið 2012-2013

	Höfuðb.	Reykjanes	Suðurl.	Vesturl.	Vestf.	Norð-vesturl.	Norð-austurl.	Austurl.	Fjöldi	Upphæð
Grunnskólar	9	1	1	1		3	4	1	20	17.700.000
Leikskólar	3	1	3	1			2		10	7.450.000
Framhaldsskólar	7			1				1	9	9.550.000
Þvert á skólastig	3	1	1	1				1	7	8.350.000
Samtals	22	3	5	4		3	6	3	46	43.050.000

Verkefni sem hlutu styrk úr Sprotasjóði 2012-2013

Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir þau verkefni sem hlutu styrk úthlutunarárið 2012-2013.

Tafla 2. Verkefni sem hlutu styrk fyrir skólaárið 2012-2013

Styrkþegar 2012			
Grunnskólar	Nafn verkefnis	Samstarfsaðilar	Úthlutun í kr.
Hagaskóli	Félagsstarf- árangursvottun unglinga		600.000
Grunnskóli Vestmannaeyja	Bætt samstarf Grunnskóla Vestmanneyja og íþróttahreyfingarinnar	IBV íþróttafélag Vestmannaeyjabær	1.250.000
Grunnskólinn á Þórshöfn	Betri skóli, betri líðan nemenda og starfsfólks		800.000
Laugarnesskóli	Mat er máttur	Háaleitisskóli, Hamraskóli	1.500.000
Árskóli	Vinaliðar	Fræðsluþjónusta Skagafjarðar	800.000
Brekkuskóli	Rafrænt nám í Brekkuskóla		500.000
Grunnskólinn austan Vatna	Félagastuðningur	Helga Harðardóttir, Dene Magna, leiðtogaskóli í Englandi	500.000
Grunnskóli Húnaþings vestra	Ungmennalýðræði	Félagsmiðstöðin Orion	150.000
Ölduselsskóli	Einstaklingsmiðað námsfyrirkomulag í kjarnagreinum á unglingastigi	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	500.000
Klettaskóli	Sérkennslutorg	RANNUM Tungumálatorg, Náttúrufræðitorg	1.400.000
Salaskóli	Rafrænn skóli - nútímaskóli	Kópavogsbær - tölvudeild	800.000
Brekkubæjaskóli	Samvinna við innleiðingu á grunnþáttum menntunar sem leiðarljóst við endurskoðun á skólanámskrá	Grundaskóli Þorpið - félagsmiðstöð	700.000
Þelamerkurskóli	Heilsueflandi grunnskóli	Ferðafélagið Hörgur Líkamsræktin Bjarg Rauði kross Íslands, Akureyri	500.000
Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar	Þróun kennsluhátta til samræmis kenningaranna OECD	Menntavísindasvið HÍ	1.500.000
Álftanesskóli	Hvaðan ertu að koma - hvar ertu - hvert ertu að fara? Sóknarkvarði skóla um grunnþættina sex		700.000
Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar	Námsmat GF	Fræðslusvið Fjarðabyggðar	800.000
Grunnskólinn í Sandgerði	Lýðræði er leikur einn	Stóru-Vogaskóli Vogum, Umboðsmaður barna, Unicef, Grunnskólinn á Grundafirði, Ungmennafélag Íslands	1.000.000
Norðlingaskóli	Skólaþróun og notkun spjaldtölva í skólasterfi	Upplýsingatæknimiðstöð Reykjavíkur, Námsgagnastofnun, Skóla og frístundasvið Reykjavíkurborgar, Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Epli.is	700.000
Austurbæjarskóli	Velkomin - úrræði fyrir móttöku og samskipti	Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Tungumálatorg	1.000.000
Skóladeild Akureyrarbæjar	Innleiðing nýrrar aðalnámskrár, mótun og gerð skólanámskrár	Oddeyrarskóli, Giljaskóli, Brekkuskóli Naustaskóli, Lundarskóli, Glerárskóli, Siðuskóli, Hlíðarskóli, Hríseyjarskóli, Grímseyjarskóli	3.000.000

Leiksskólar			
Leikskólinn Álfheimar Selfossi	Grenndarskógur leikskólans Álfheima og Vallaskóla	Suðurlandsskógar, Umhverfisdeild Árborgar, Vallaskóli	750.000
Leikskólinn Árbær	Lýðræðislegir dagar		900.000
RannUng	Leikið, lært og lifað	Leikskólinn Sjáland, Garðabæ, Leikskólinn Hulduberg, Mosfellsbæ, Leikskólinn Dalur, Kópavogi, Leikskólinn Hlíðarberg, Hafnarfirði, Leikskóli Seltjarnarness	1.000.000
Leikskólinn Krummakot	Ný markmið aðalnámskrár: Sex grunnþættir menntunar		900.000
Leikskólinn Ugluklettur	Skólanámskrá Uglukletts. Leikur, virðing, gleði	Grunnskóli Borgarness	900.000
Leikskólinn Krakkaborg	Við eigum öll leikinn saman	Rannsóknarstofa í barna og æskulýðsfræðum, Menntavísindasviði Háskóla Íslands	500.000
Leikskólinn Holt	Bæjarfélagið okkar; lýðræði og læsi		500.000
Leikskóli Fjallabyggðar	Þróun skólanámskrár Leikskóla Fjallabyggðar með hlíðsjón af nýri menntastefnu	Karítas Skarphéðinsdóttir Neff, fræðslu- og menningarfulltrúi Fjallabyggðar	500.000
Leikskólinn Ösp	Málrækt sem verkfæri til að móta lýðræðissamfélag í leikskóla	Skóla og frístundasvið Reykjavíkurborgar, Háskóli Íslands/Rannung, Þjónustamiðstöð Breiðholts, Leikskólinn Holt Fellaskóli	1.000.000
Fífusalir	Aukið samstarf og samskipti milli skólastiga	Salaskóli	500.000
Þvert á skólastig			
Auðarskóli	Einstaklinsmiðuð stuðningsáætlun byggða á virknimati		450.000
Sameinaður leik- og grunnskóli í Hvalfjarðarsveit	Sameining sjónarmiða - Skólanámskrá sameinaðs leik - og grunnskóla		800.000
Grunnskóli Hornafjarðar	Lærdómssamfélagið Hornafjörður	Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Hornafirði, Leikskólinn Lönguhólum, Höfn. Heilsuleikskólinn Krakkakot, Höfn. Grunnskólinn Hofgarði, Framhaldsskólinn í Austur Skaftafellssýslu, Tónskóli Austur	2.000.000
Skólaskrifstofa Grindavíkur	Þróunarsveitarfélag - Ný hugsun í átt að betri framtíð	Grunnskóli Grindavíkur, SRR, Leikskólinn Krókur, Leikskólinn Laut, Tónlistarskóli Grindavíkur, Menntamálaráðuneytið, Fisktækniskóli Suðurnesja í Grindavík	900.000
Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar	Leikum og lærum - ný menntastefna	Leikskólinn Hulduberg, Leikskólinn Hlíð, Leikskólinn Hlaðhamrar, Leikskólinn Reykjakot, Krikaskóli, Leivogstunguskóli, Lágafellsskóli, Varmárskóli	3.000.000
Waldorfskólinn Sólstafr	Skólanámskrá Waldorfskólans Sólstafr	Rudolf Steiner Hoyskolen i Oslo	700.000
Dalskóli	Skólanámskrá Dalskóla		500.000

Framhaldsskólar			
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Þarfir nemenda í FÁ		850.000
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Aðlögun námsefnis og hugtakalæsi. Ný nálgun í hugmynda- og aðferðafræði á námsbraut fyrir erlenda nemendur		1.500.000
Menntaskólinn við Sund	Námsmat í nýrri skólanámskrá MS		900.000
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	Hæfnimiðað nám í FSN		1.000.000
Menntaskólinn við Hamrahlíð	Sjálfstætt stúdentsprófsverkefni		600.000
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	Umhverfis- og auðlindabraut	Menntaskólinn á Egilsstöðum, Menntaskólinn á Tröllaskaga, Fjölbrautaskóli Snæfellinga	1.500.000
Flensborgarskólinn	Heilsueflandi framhaldsskóli - geðrækt/líðan	Landlæknisembættið	1.200.000
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Ný framtíð		1.000.000
Borgarholtsskóli	Lýðræði í verki		1.000.000
			43.050.000

Samningar við styrkþega

Umsýsluaðili sendi öllum umsækjendum Sprotasjóðs svör við umsókn þeirra fyrstu vikuna í maí 2012 og í kjölfarið var unnið að gerð samninga með styrkþegum. Vegna mikilla fjölda umsókna þurfti stjórn sjóðsins að úthluta lægri fjárupphæðum til margra verkefna en sótt var um. Einhverjir af styrkhöfum þurftu því í framhaldinu að endurskoða áætlanir sínar á grundvelli lægri styrkuppþæðar. Slík endurskoðun var gerð í samstarfi við umsýsluaðila og stjórn sjóðsins ef breytingar voru miklar frá fyrri áætlun.

Sama fyrirkomulag var haft á vinnu við samninga og verið hefur og var öllum styrkþegum sendur samningur í þríriti í pósti til undirritunar. Styrkþegar sendu tvö eintök til baka til umsýsluaðila en héldu einu eftir. Umsýsluaðili heldur eftir einu afriti en sendir það þriðja til bókhaldssviðs ráðuneytisins sem sér um að greiða út styrkuppþæðina samkvæmt þeim greiðsludögum sem kveðið er á um í hverjum samningi fyrir sig og grundvallast af lengd hvers verkefnis og verkáætlun þess.

Samantekt yfir úthlutunartímabil Sprotasjóðs

Sprotasjóður hefur nú starfað í fjögur úthlutunartímabil, 2009-2010; 2010-2011; 2011-2012; 2012-2013. Í töflu 3 hér fyrir neðan má sjá hvernig styrkirnir hafa skipst milli skólastiga á þessum fjórum tímabilum.

Tafla 3. Yfirlit yfir úthlutunarár Sprotasjóðs

	2009-2010		2010-2011		2011-2012		2012-2013		Alls	
	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð
Leikskólar	5	4.000.000	8	3.900.000	6	7.100.000	20	17.700.000	39	32.700.000
Grunnskólar	25	17.180.000	25	18.430.000	14	12.900.000	10	7.450.000	74	55.960.000
Framhaldskólar	9	11.900.000	8	11.500.000	10	19.900.000	9	9.550.000	36	52.850.000
Þvert á skólastig	5	10.350.000	6	10.950.000	4	4.500.000	7	8.350.000	17	34.150.000
Alls	44	43.430.000	47	44.780.000	34	44.400.000	46	43.050.000	171	175.660.000

Í töflunni má sjá að sjóðurinn hefur úthlutað rúmlega 175 milljónum kr. til 171 þróunarverkefnis á þessum fjórum úthlutunartímabilum.

Rekstaryfirlit Sprotasjóðs í árslok 2012

SPROTASJÓÐUR

2012

Fjárlagaliður 02-720-134	Fjárheimild	Greitt
Fjárlög	49.400.000	
Frá fyrra ári	6.239.598	
Styrkir:		
Umsýslugjald til RHA		4.361.050
Bóknun greidd 1.7.2012		256.101
Fundakostnaður		9.990
Stefna, hugbúnaðargerð v. umsóknnaforms		59.400
Auglýsingar		142.682
Internet á Íslandi, hýsing		15.964
Samtök áhugafólks um skólaþróun, ráðstefna		742.340
Leiðréttingar v. eldri styrkja		1.080.000
Greiddir styrkir skv. úthlutun 2012		26.200.000
Bókaðir ógr. styrkir 31.12.2012, úthlutaðir 2012		17.850.000
Samtals greitt og bókað 31. desember 2012	55.639.598	50.717.527
Eftirstöðvar		4.922.071
Til útskýringa, ógreidd en bókuð loforð:		
Eftirstöðvar styrkja sem úthl. voru 2010 (8 samningar)		2.220.000
Eftirstöðvar styrkja sem úthl. voru 2011 (9 samningar)		4.000.000
Eftirstöðvar styrkja sem úthl. voru 2012		17.850.000